

D ó m s o r ð:

Ákærði, Magnús Sigurjónsson, sæti varðhaldi 60 daga.

Ákærði er sviptur ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi frá birtingu dóms þessa að telja. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 15. október 1987.

Nr. 207/1986. **Ingólfur Sigurgeirsson**

(Sigurður H. Guðjónsson)

gegn

Bæjarleiðum h/f

(Jón St. Gunnlaugsson hrl.)

Samningar. Félög. Endurgreiðsla. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júlí 1986. Hann gerir þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 7.490,00 krónur með 42% ársvöxtum frá 1. júní 1985 til 1. mars 1986, en með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati réttarins. Hann fer fram á að þá verði gætt ákvæða bráðabirgðalaga nr. 68/1987 um söluskatt.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað fyrir Hæstarétti. Verði þá tekið tillit til ákvæða bráðabirgðalaga nr. 68/1987 um söluskatt.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl.

Áfrýjandi er sjálfstæður atvinnubifreiðarstjóri og hefur atvinnu-

leyfi í Reykjavík. Samdi hann um afgreiðslu við Bæjarleiðir h/f, sem er ein þeirra bifreiðastöðva sem Reykjavíkurborg hefur viðurkennt.

Hlutverk stöðva þessara er að taka á móti atvinnutilboðum og miðla þeim til bifreiðastjóra sem hjá þeim hafa afgreiðslu. Bæjarleiðir h/f er rekið sem sjálfstætt fyrirtæki sem selur bifreiðastjórum þessa þjónustu og fyrir hana greiða þeir uppsett verð.

Af gögnum málsins og flutningi verður ráðið, að í upphafi hafi fyrirvarsmaður stefnda tjáð áfrýjanda, að hann þyrfti að greiða stefnda afgreiðslugjald og að auki bæri honum að borga gjald til starfsmannafélags Bæjarleiða og í lánasjóð starfsmanna. Er óumdeilt í málinu, að áfrýjandi samþykkti að greiða þessi gjöld. Gjaldið, sem um er deilt, kom hins vegar síðar til og samþykkti áfrýjandi ekki að greiða það.

Í 4. gr. starfsreglna Bæjarleiða h/f segir: „Bifreiðastjórar skulu hlýða öllum sendingum fljótt og vel, þótt þær verði í einstaka tilfellum óæskilega langar, ef nauðsyn krefur ...“. Í 9. gr. reglnanna er mælt fyrir um að beita megi afgreiðslubanni risi ágreiningur út af afstöðu bifreiðastjóra gegn stöðinni.

Telja verður að áfrýjandi hafi með samningi sínum við stöðina undirgengist þessar reglur. Hann hafi því almennt verið skuldbundinn til að fara þær ferðir frá stöðinni, sem ekki viku verulega frá því venjulega.

Verð fyrir akstur er ákveðið af verðlagsyfirvöldum en sú verðákvörðun snýr að viðskiptavinum leigubifreiðastjóra og hefur því ekki beina þýðingu í máli þessu. Samningur Bæjarleiða h/f og Innkaupastofnunar ríkisins vegna ríkisspítalanna, sem hér veldur deilum, var gerður í samráði við stjórn starfsmannafélags Bæjarleiða h/f og síðan samþykktur af félaginu. Það þykir þó ekki hafa þýðingu hér, þar sem ekki verður séð af samþykktum starfsmannafélagsins að það komi fram gagnvart Bæjarleiðum h/f f.h. bifreiðastjóranna varðandi verðlagningu aksturs.

Samkvæmt samningnum veitti bifreiðastöðin ríkisspítulunum 21% afslátt frá verði ákveðnu af verðlagsyfirvöldum. Þar af áttu bifreiðastjórnir að taka á sig 18% afslátt. Stöðin dreifði þessum hluta afsláttarins á alla bifreiðastjóra sína jafnt og komu 7.490,00 krónur í hlut hvers þeirra það ár, sem hér er deilt um.

Eins og samningi áfrýjanda við stefnda var háttað ber að hafa í huga að gjald þetta var lagt á vegna þessa sérstaka samnings, sem átti að vera bifreiðastjórunum almennt til hagsbóta, og að það var ekki hátt, þannig að hver ferð frá stöðinni varð þess vegna ekki verulega óhagkvæmari en ella. Þess er enn fremur að gæta, að áfrýjandi ók í þágu ríkisspítalanna og naut því góðs af samningnum.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Rétt þykir að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Bæjarleiðir h/f, skal sýkn af kröfu áfrýjanda, Ingólfs Sigurgeirssonar, í máli þessu.

Hvor aðila beri sinn kostnað af málinu fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég tel að eins og samskiptum aðila var háttað hafi það ekki verið á valdi stefnda að semja við Innkaupastofnun ríkisins, svo bindandi væri fyrir áfrýjanda, um það á hvaða verði áfrýjandi seldi þjónustu sína. Ég tel fram komið að áfrýjandi hafi í upphafi mótmælt framkvæmd samningsins og neitað að sinna akstri samkvæmt honum. Áfrýjandi og staðgengill hans tóku svo að sinna akstri á grundvelli samningsins. Áfrýjandi fékk mánaðarleg uppgjör frá stefnda þar sem fram kom frádráttur vegna umsamins afsláttar sem bifreiðastjórnarnir skyldu taka á sig. Ég tel því að áfrýjandi geti nú ekki krafist stefnda um endurgreiðslu fjárhæða þeirra sem til frádráttar komu á uppgjörum hans vegna framangreinds samnings.

Með vísan til þessa er ég samþykkur niðurstöðu meirihluta dómara.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. apríl 1986.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 12. mars sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Ingólfi Sigurgeirssyni bifreiðastjóra, nnr. 4735-4684,

Laugarnesvegi 118, Reykjavík, gegn hlutafélaginu Bæjarleiðum, nnr. 1489-6481, Langholtssvegi 115, Reykjavík, með stefnu birtri 19. júní 1985.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 7.490,00 með 42% ársvöxtum frá 1. júní 1985 til greiðsludags, auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá og/eða framlögðum málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður samkvæmt taxta LMFÍ.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Samkvæmt gögnum málsins eru málsatvik þau að stefnandi hefur sem sjálfseignarleigubifreiðastjóri ekið undanfarin ár frá bifreiðastöð stefnda. Stöðvarþjónusta er gerð upp mánaðarlega og ber þá bifreiðastjórum að standa skil á afgreiðslugjaldi, lánasjóðsgjaldi, gjaldi til starfsmannafélags Bæjarleiða, svo og gjaldi til Frama, félags bifreiðastjóra, svo sem framlagðar uppgjörsnótur bera með sér. Skrifaðar ökunótur eru innheimtar af stefnda og gerðar upp við bifreiðastjórana mánaðarlega að frádregnum greindum útgjaldaliðum.

Í marsmánuði 1984 var boðinn út á vegum Innkaupastofnunar ríkisins leigubílaakstur fyrir ríkisspítalana á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt útboðslýsingu var um að ræða flutninga á starfsfólki ríkisspítala til og frá heimilum starfsmanna til þargreindra stofnana, svo og sjúklinga í einstaka tilfellum. Var við það miðað að samningstími væri 1 ár og verðgrundvöllur taxti leigubifreiða í Reykjavík að frádregnum boðnum afslætti. Stjórn Bæjarleiða h/f ákvað, að höfðu samráði við stjórn starfsmannafélags Bæjarleiða, að gera tilboð í greindan leigubílaakstur miðað við 21% afslátt frá taxta leigubifreiða. Tilboði stefnda, Bæjarleiða h/f, var tekið og gengið frá samningi þar um hinn 18. apríl 1984. Samningur þessi var lagður fyrir fund starfsmannafélags Bæjarleiða hinn 24. apríl 1984, þar sem hann var samþykktur með þorra atkvæða. Kostnaði vegna samnings þessa hefur verið skipt þannig að stefndi hefur tekið á sig 3%, en 18% bera bifreiðastjórar stöðvarinnar. Er kostnaði skipt jafnt á alla bifreiðastjóra og færður til gjalda á mánaðarlegu uppgjöri þeirra í samræmi við viðskipti stöðvarinnar og ríkisspítalanna. Með samkomulagi samningsaðila hinn 3. apríl 1985 var greindur samningur þeirra framlengdur um eitt ár.

Stefnandi hefur frá upphafi mótmælt töku þessa kostnaðar af uppgjöri sínu sem hann telur sér óskyld að greiða. Í máli þessu gerir hann kröfu um endurgreiðslu að fjárhæð kr. 7.490,00 vegna þessa kostnaðar sem honum hafi verið gert að greiða á tímabilinu júní 1984 til og með maí 1985.

III.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því að hann hafi ekki samið um að taka á sig að greiða þennan kostnað vegna samnings þess er stefndi hafi gert við þriðja aðila um akstur með afslætti. Telur stefnandi sig því eiga fullan rétt á endurgreiðslu þessa gjalds. Er stefnandi hafi í upphafi samið við stefnda um að kaupa hjá honum afgreiðsluþjónustu, þá hafi honum ekki verið gerð grein fyrir öðrum gjöldum er honum bæri að greiða til stöðvarinnar en afgreiðslugjaldi, lánasjóðsgjaldi, gjaldi til starfsmannafélags Bæjarleiða og gjaldi til Frami, félags leigubifreiðastjóra, svo sem fram er komið. Um greiðsluskyldu stefnda vísar stefnandi og til reglna samninga og kröfuréttar um að samninga skuli halda. Við munnlegan málflutning var og á því byggt af hálfu stefnanda að sú tilhögun að láta bifreiðastjórana bera umræddan kostnað hefði í för með sér rýrnun á launatekjum þeirra og bryti því í bága við 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks o.fl.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, svo sem fram kom við munnlegan flutning málsins, að hann teldi sig á engan hátt hafa brotið lög á stefnanda vegna framkvæmdar samnings stefnda og ríkisspítalanna. Afslætti sé deilt jafnt niður á bifreiðastjórana, auk þess sem stefndi hafi tekið á sig 3%. Meirihluti bifreiðastjóra stöðvarinnar hafi samþykkt þessi kjör og unnið hafi verið samkvæmt þeim síðan. Þá hafi stefnandi einnig haft sjálfur umtalsverðar tekjur vegna samnings þessa og honum beri sem öðrum að taka þátt í þeim kostnaði sem um var að ræða af þeim sökum.

Stefnandi, Ingólfur Sigurgeirsson, hefur gefið skýrslu fyrir dómi, svo og Þorkell Þorkelsson, framkvæmdastjóri stefnda, ennfremur vitnin Guðmundur Valdimarsson og Rósant Hjörleifsson.

IV.

Því er ekki haldið fram af stefnanda hálfu að greindur samningur um leigubílaakstur milli stefnda og Innkaupastofnunar ríkisins vegna ríkisspítalanna sé í sjálfu sér ólöglegur. Því er hins vegar haldið fram af stefnanda að ólögmeitt hafi verið að láta bifreiðastjóra Bæjarleiða bera kostnað af framkvæmd þess samnings með þeim hætti sem gert hefur verið. Þá byggir stefnandi á því að hann hafi aldrei samþykkt að taka á sig þann kostnað.

Stefnandi var félagi í starfsmannafélagi Bæjarleiða svo sem öllum atvinnuleyfishöfum á Bæjarleiðum er skylt að vera samkvæmt 4. gr. laga félagsins. Hann var því bundinn af þeim ákvörðunum og samþykktum, sem löglega voru teknar af því félagi. Fram er komið að greindur samningur um leigubílaakstur var samþykktur á almennum fundi í starfsmannafélaginu hinn 24. apríl 1984, en á þeim fundi var jafnframt gerð grein fyrir

niðurjöfnun kostnaðar vegna samningsins. Ekki verður talið að lög nr. 55/1980 um starfskjör launþega o.fl. geti átt við um leigubifreiðastjóra, svo sem stefnandi heldur fram, enda taka lög nr. 56/1978 um verðlag o.fl. til atvinnustarfsemi þeirra. Þá hefur heldur ekkert komið fram um það að starfsmannafélagið hafi með einum eða öðrum hætti staðið ólöglega að greindri fundarsamþykkt sem fylgt hefur verið eftir í raun og teljast verður því bindandi gagnvart stefnanda.

Samkvæmt framansögðu verður ekki fallist á dómkröfur stefnanda í málinu og ber að sýkna stefnda af þeim, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Bæjarleiðir h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Ingólfs Sigurgeirssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
